

Reykjavík, 20. 06. 2018

Til eigenda og stjórnarmanna OR

### **Efni: Fundarboð á aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur 2018**

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur verður haldinn fimmtudaginn 28. júní n.k. kl. 14:00 að Bæjarhálsi 1, Reykjavík.

Dagskrá aðalfundar OR:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi OR síðastliðið starfsár.
2. Umhverfisskýrsla um starfsemi OR síðastliðið starfsár.
3. Ársreikningur OR fyrir liðið reikningsár, ásamt skýrslu ytri endurskoðanda fyrirtækisins, sem lagður er fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda OR og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
6. Lýst kjöri stjórnar.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Umræður um önnur mál, löglega upp borin.

Samkvæmt 5. gr. sameignarsamnings OR er aðalfundur opinn kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum eigenda og fjölmíðlum. Tillögu- og atkvæðisrétt á aðalfundi hafa handhafar eigendavalds OR. Málfrelsi á aðalfundi hafa fulltrúar í sveitarstjórnnum eigenda, stjórn OR, forstjóri, endurskoðendur OR og eigenda og formaður Starfsmannafélags OR.

Samkvæmt 6. gr. sameignarsamnings OR skal stjórn OR skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í stjórn með málfrelsi og tillögurétt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi OR á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Sveitarstjórnir skulu skv. framangreindu hafa gengið frá kjöri stjórnar fyrir aðalfund, sbr. 6. lið dagskrár aðalfundar.

**Virðingarfyllst,**

**Brynhildur Davíðsdóttir,**  
stjórnarformaður